

1862. heitir og Thurö skipstjóri ræði fyrir, hafið þér, herra amtmaður, 24. októberm. í bréfi 21. júlím. þ. á. beðið um ákvörðun stjórnarinnar um, hvað eigi að gjöra við þær 78½ tunnur, sem enn sæu eftir af korni þessu.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, er með þarf í því efni, að ef hrepparnir ekki æskja að fá til láns korn það, sem eftir er, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar 12. septemberm. 1861, og ef ekki horfir til kornskorts í vesturumdæminu á komanda vetri, ber þegar að selja kornið fyrir hinn íslenska styrktarsjóð, og borga inn í jarðabókar-sjóð Íslands fé það, sem fæst bæði fyrir það, sem selt verður og lánað. Af því bréf yðar gefur tilefni til þess, skal því við bætt, að hrepparnir framvegis ekki mega búast við, að stjórnin sendi kornbyrgðir til landsins, og skal í því tilliti skýrskotað til bréfs dómsmálastjórnarinnar 29. septemberm. 1860.

24. októberm. **62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um bænarskrá um gjafsókn í máli út af skattheimtu.**

Í bréfi 18. júlím. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort veita skuli eftir bænarskrá frá Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við yfirdóminn, 12 bændum í Árnessýslu gjafsókn til að flytja mál í héraði gegn Þórði kammerráði Guðmundssyni út af því, að hann hefir heimt og að nokkru leyti tekið fjárnámi hinn svo kallaða samlagningsarskatt, og hafið þér þar að auki beðið um, að stjórnarráðið lýsi því yfir, hvort nauðsyn sé á að skipa annanhvorn dómendanna í yfirdóminum í málið sem settan dómara, til að dæma það í héraði, ef það verður höfðað, þaræð svo kynni verða álitid, að allir sýslumenn væru óhæfir til þess vegna þess, að þeir gætu haft hag eður óhag af úrslitum málsins.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, að eigi ber að veita gjafsókn þá, er um hefir verið sótt, og að

1862.

ekki virðist bera nauðsyn til að skipa annanhvorn af dómendum í yfirdóminum sem settan dómara til að dæma mál þetta, með því ekki getur hjá því farið, að fela megi starfa þenna einhverjum þeim af héraðsdómurinum, sem eigi verður riðinn við mál það, sem hér er um rætt, og úrslit þess eigi snerta hans hag.

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um útvísun hússtæðis í Reykjavík.

24. októberm.

Með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 4. þ. m., hafið þér sent dómsmálastjórninni aptur bréf nokkurt frá Wulff verzlunarstjóra í Reykjavík, en í því bréfi ber hann fram umkvörtun sína yfir því, að mæld hefir verið út lóð eptir beiðni Andersens skipstjóra til að byggja á geymsluhús við endann á Aðalstræti, sem svo er kallað, þar í bænum.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið ekki finnur ástæðu til að gjöra breyting á útvísun lóðar þessarar, sem byggingarnefndin hefir úthlutað, og amtmaður lagt á það samþykki sitt.

64. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, út af fyrirspurn um rétt til kennaraembætta.

27. októberm.

Jón Þorkelsson, settur adjunkt við lærða skólann í Reykjavík, hefir í bréfi, er hann sendi beina leið til stjórnarráðsins, spurt um, hvort svo beri að álíta, að tilskipun 2. febrúarm. 1849 um þau lærdómspróf, sem veita mönnum hæfilegleika til að geta fengið æðri kennaraembætti við hina lærðu skóla, hafi lagagildi á Íslandi, og hvort hann, er hann hafi leyst af hendi embættispróf í málfræði og í því prófi hlotið fyrstu einkunn, geti gjört sér von um, þegar skólameistaraembættið eður yfir-kennaraembættið við greindan skóla kunni að losna, og þau